



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

602. stjórnarfundur 9. maí 2023 kl. 17:00

Mættir: Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Björg Hafsteinsdóttir, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg S. Sigurðardóttir og Garðar Örn Arnarson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Bréf frá Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra vegna malarvallar við Hringbraut. Einar Haraldsson og Birgir Már Bragason áttu fund með formanni, framkvæmdastjóra og vallarstjóra knattspyrnudeildar vegna erindis bæjarstjóra um afnot af malarvellingum. Ákveðið var að óska eftir fundi með bæjarstjóra til að fara yfir málið.

Einar Haraldsson og Böðvar Jónsson formaður knattspyrnudeildar áttu fund með Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra og Helga Arnarsyni sviðsstjóri menntasviðs vegna malarvallar við Hringbraut.

Fréttabréf ÍSÍ.

Fréttabréf UMFÍ.

Tölvupóstur frá framkvæmdastjóra UMFÍ vegna félagatals Keflavíkur.

Bréf frá Böðvari Jónssyni knattspyrnudeild og Guðmundi Steinarssyni körfuknattleiksdeild með fyrirspurn um þreksalinn. Ákveðið að Einar framkvæmdastjóri sendi á Hafstein forstöðumann íþróttamannvirkja og fái svar við fyrri fyrirspurn um að fara í framkvæmdir.

Birgir Már Bragason, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Björg Hafsteinsdóttir ætla að fylgja málinu eftir með deildunum og hafa heimild til að fara í þessa vinnu og skoða styrki sem deildir og félagið geta sótt í.

3. Send bréf

Bréf sent á stjórn UMFÍ vegna félagatals Keflavíkur.

Bréf sent á stjórn ÍRB vegna félagatals Keflavíkur.

4. Ársþing ÍSÍ

Íþróttþing ÍSÍ var haldið 5. og 6. maí í íþróttamiðstöðinni Ásvöllum, Hafnafirði. ÍRB átti 6 þingfulltrúa en fimm mættu, þeir Rúnar Arnarson og Eiður Ævarsson úr stjórn ÍRB og 3 frá Keflavík þeir Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason og Garðar Newman.

Á ársþingi ÍSÍ var samþykkt að greiða lottótekjur úr sameiginlegum potti með þeim fyrirvara að sama tillaga verði samþykkt á þingi UMFÍ í haust. Samþykkt var að setja á laggirnar átta svæðisskrifstofur með tveimur starfsmönnum sem væru greiddir annars vegar með lottótekjum og hins vegar af íslenska ríkinu. Það þarf að ná samkomulagi við íslenska ríkið ef þetta á að ganga upp. Ef þetta verður að veruleika þá munu lottótekjur til Keflavíkur lækka verulega.

5. Vorfundur UMFÍ



Vorfundur UMFÍ verður haldinn 13. maí í nýrri þjónustumiðstöð UMFÍ að Engjavegi 6 Reykjavík. Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason og Hjördís Baldursdóttir munu sækja vorfundinn.

6. Ársþing ÍRB

Ársþing ÍRB verður haldið í íþróttakademíunni 24. maí kl. 20:00. Keflavík á 10 þingfulltrúa.

7. Önnur mál

A. Umræða um aðstöðu knattspyrnudeildar og fimleikadeildar. Formenn KSÍ og FSÍ eru tilbúnir í vinnu með okkur.

Fundi slitið kl. 18:20

Næsti fundur verður þriðjudaginn 23. maí 2023

Fundinn ritaði Eva Björk